

# Aðalstjórnarfundur UMFT

18. september 2013

Mættir voru: Gunnar Þór, Magnús og Inga Huld

## 1. Velferðarsjóður

Umsóknir eru farnar að berast í sjóðinn og því liggur á að koma sjóðnum í gang. Trúnaðarmenn eru vonandi fundnir, sem eiga að sjá um að úthluta úr sjóðnum eftur ákveðnum vinnureglum eða verkferlum. Stjórnin vinnur að því að klára þetta mál nú í haust, í góðri samvinnu við Sveitarfélagið og UMSS, sem einnig standa að sjóðnum.

Sveitarfélagið hefur nú þegar lagt til 500.000.- Tindastóll mun leggja til 250.000.- í sjóðinn og verður gengið frá því næstu daga. UMSS mun einnig leggja til 250.000.- í sjóðinn.

## 2. Aðstöðuleysi knattspyrnudeildar og eflaust fleiri deilda

Þjálfarar og iðkendur fótbolta hér á Sauðárkróki eru orðnir langþreyttir á aðstöðuleysi, bæði hvað varðar æfingar utanhúss og innanhúss. Til að bregðast við þessu munum við hafa opinn fund, þar sem fólki gefst kostur á að ræða þessi mál og vonandi getur Tindastóll í framhaldi af þessum fundi, myndað sína sýn á íþróttasvæði Sauðárkróks. Stefnt er að halda þennan fund í nóvember, nánar auglýst síðar.

## 3. Félagsgjöld

Félagsgjöld fyrir árið 2012 hafa skilað sér ágætlega og munum við hafa sama fyrirkomulag á innheimtu þeirra í framtíðinni. Valkrafa mun berast félagsmönnum í gegnum heimabanka. Félagsgjöld fyrir árið 2013 verða innheimt í október. Auglýsing mun birtast í Sjónhorninu eins og gert hefur verið.

## 4. Önnur mál

Fjárhagsstaða knattspyrnudeildar var lítillega rædd á fundinum. Ekki er enn komið í ljós hvernig staðan er eftir sumarið.

Næsti fundur verður haldinn um miðjan október.

Fleira ekki gert, fundi slitið

Inga Huld Þórðardóttir, ritari